

Úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði síldarútvegsins á árinu 2013

Þann 25. október tilkynnti, Sigurgeir B. Kristgeirsson formaður stjórnar Rannsóknasjóðs síldarútvegsins hverjir fengu styrk úr sjóðnum 2013. Styrkhöfum var afhent blóm við hátíðlega athöfn á aðalfundi Landsambands íslenskrar útvegsmanna.

Úthlutað var 14 milljónum króna og eftirtalin verkefni fengu styrk að þessu sinni:

Doktorsverkefni (Sigurjónsstyrkur)

- Ný leið til að spá fyrir um útbreiðslu síldar við Ísland

Fræðslu- og kynningarverkefni

- Íslenskur sjávarútvegur - auðlind úr hafinu á alþjóðamarkað
- Lífríkið í sjónum við Ísland
- Kennslubók í fisktækni
- Ferskur fiskur - myndasaga frá veiðum til vöru

Umsækjendur um styrk til doktorsverkefnis (Sigurjónsstyrkur) voru sex og um styrk til fræðslu- og kynningaefnis voru ellefu.

Doktorsverkefni (Sigurjónsstyrkur)

Heiti verkefnis: Ný leið til að spá fyrir um útbreiðslu síldar við Ísland

Verkefnisstjóri: Jed Ian Macdonald, Háskóli Íslands

Aðal leiðbeinandi: Guðrún Marteinsdóttir, Háskóli Íslands

Markmið verkefnis: Þróuð verður leið til að spá fyrir um útbreiðslu síldar við Ísland með því að tengja saman upplýsingar um staðsetningu og dýpi þar sem síld hefur veiðst við umhverfisþætti (hitastig, seltu, strauma og lagskiptingu) sem fást með keyrslu straumalíkansins CODE.....

Fræðslu- og kynningarverkefni

Heiti verkefnis: Íslenskur sjávarútvegur - auðlind úr hafinu á alþjóðamarkað

Verkefnisstjóri: Hreiðar Þór Valtýsson, Sjávarútvegsmiðstöðin við Háskólann á Akureyri

Aðrir umsækjendur: Fisktækniskóli Íslands

Markmið verkefnis: Útgáfa rafbókar með heildstæðri umfjöllun um íslenskan sjávarútveg með áherslu á 21. öldina. Markhópur verkefnisins er nemendur á framhaldsskólastigi. Markmiðið er að ná heildstæðu yfirliti um íslenskan sjávarútvegi á einn stað. Lesandinn skilji ferlið frá veiðum úr hafinu þar til afurðin er komin til kaupenda á erlendum mörkuðum.

Heiti verkefnis: Lífríkið í sjónum við Ísland

Verkefnisstjóri: Erlendur Bogason, Sævör ehf.

Aðrir umsækjendur: Icydesign ehf. og RÚV Akureyri

Markmið verkefnis: Verkefnið gengur út á að gera stutt neðansjávarmyndbönd sem hafa að geyma sögur og myndir af fiskum og dýrum í sjónum við Ísland. Markmiðið með verkefninu er að vekja áhuga nemenda grunn- og framhaldsskóla á Íslandi á neðansjávarlífríki Íslands á aðgengilegan, skemmtilegan og fræðandi hátt.

Heiti verkefnis: Kennslubók í fisktækni

Verkefnisstjóri: Nanna Bára Maríasdóttir, Fisktækniskóli Íslands

Aðrir umsækjendur: Þorbjörn hf.

Markmið verkefnis: Gerð kennslubókar í fiskvinnslu um meðferð fisks, hreinlæti og vinnsluferla.

Áhersla er lögð á að bókin sé aðgengileg fyrir alla sem koma að kennslu og námi í fisktækni á framhaldsskólastigi og í samræmi við námskrá í fisktækni (fisktækni I, 2012) samþ. 2012. Jafnframt er hægt að nýta einstaka kafla í námskeið fyrir starfandi fólk í greininni og/eða sem uppflettirit.

Heiti verkefnis: Ferskur fiskur - myndasaga frá veiðum til vöru

Verkefnisstjóri: Margeir Gissurarson, Matís

Markmið verkefnis: Taka saman á skipulegan máta hagnýtar upplýsingar um vinnslu á ferskum bolfisk frá veiðum í vöru og birta á rafrænu formi á vef Matís.